


Alþingi

Erindi nr. P 125/1191

komudagur 24. 3. 2000

ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík 23. mars 2000.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrissjóttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 260. mál. Nokkrar ábendingar og athugasemdir eru gerðar.

Um 1.gr. Bent er á, að það er andsætt góðum stjórnsýsluvenjum að eftirlitsaðili sé einnig umsagnaraðili eins og ráð er fyrir gert að Fjármálaeftirlitið sé. Í greininni er og ekki að finna nein ákvæði um málshraða umsagnar- og eftirlitsaðilanna en bót væri að slíkum ákvæðum enda mikilvægt að breytingar á samþykktum lífeyrissjóðanna komist sem fyrst til framkvæmda eftir að þær hafa verið ákveðnar. Til þess að svo verði er nauðsynlegt að ráðherra ljúki skoðun sinni að fenginni umsögn innan tiltekins tíma, 2-3 vikur ættu að vera fullnægjandi. Jafnframt verður að telja rétt að ráðherra verði gert að rökstyðja synjanir um staðfestingu samþykta.

Um 2.gr. Hér er stjórnnum einstakra lífeyrissjóða veitt heimild til að breyta samþykktum sjóðanna við laga og reglugerðarbreytingar þegar um er að ræða ófrávíkjanleg atriði. Ákvæði þetta rýrir formlegt sjálfstæði sjóðanna og ársfunda þeirra. Eðlilegra og heppilegra er að breytingar hljóti staðfestingu ársfunda áður en þær taki gildi og skilyrðislaust ef um er að ræða breytingar sem leiddar eru af breyttum ákvæðum reglugerða sem undir hælinn er lagt hvort samræmist ákvæðum laga eða kjarasamninga. Hafa ber í huga að grundvöllur almennu lífeyrissjóðanna eru kjarasamningar á vinnumarkaði þó lög skapi starfsemi þeirra ramma.

Um 4.gr. Í greinargerð er tilgreint hvaða menntun þurfi til að sinna eignastýringu verðbréfasafna. Þar er talað um lögfræði – viðskiptafræði -, hagfræði – eða verkfræðimenntun auk reynslu af stýringu eignasafna eða sambærilegum störfum. Hér er verið að fylla en jafnframt að þrengja merkingu lagagreinarinnar. Menntun lögfræðinga, viðskiptafræðinga, hagfræðinga og verkfræðinga er mjög misjöfn og langt í frá er fyrirfram gefið að hún nýtist á þessu sviði. Eldri menntun og ýmis önnur menntun t.d. viðskiptamenntun frá Verslunarskóla eða Samvinnuháskóla auk reynslu eða menntun á þrengra sviði sem sífellt verður meira framboð af og sem ekki er tengd formlegu Háskólanámi ætti að standa hér jafnfætis að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Um 5.gr. Útlit er fyrir að draga muni úr möguleikum lífeyrissjóða til að nýta sér þá fjárfestingakosti sem í boði eru nema heimildir til fjárfestinga í hlutabréfum og erlendum gjaldmiðlum verði auknar. ASÍ tekur undir þau sjónarmið sem lífeyrissjóðirnir hafa sett fram um að heimildir til að fjárfesta í hlutabréfum verði auknar úr 35% í 60% af hreinni eign og í erlendum gjaldmiðlum úr 40% í 60%.


Um 6.gr. Mikið af fjárfestingum lífeyrissjóðanna eru ekki miðaðar við gjaldmiðlaáhættu. Sífellt algengara er að fjárfestingarnar miðist við atvinnugreinar þó svo að þær séu t.d. gerðar upp í bandaríkjadollurum ef um erlendar fjárfestingar er að ræða. Flest þau fyrirtæki sem þannig er fjárfest í hafa undirliggjandi tekjur í öðrum gjaldmiðlum. Með vísan til þessa er nokkuð ljóst að sérgreining vegna „gjaldmiðlaáhættu“ og „tegundarflokkun innlána og verðbréfa“ þarf ekki að gefa rétta mynd af áhættudreifingu á eignum sjóðanna. Ákvæðið þarfnast því nokkurrar lagfæringar að þessu leyti.

Á það má fallast að samræmdar upplýsingar um fjárfestingarstefnu geti stuðlað að bættu eftirliti og yfirliti stjórnvalda um starfsemi lífeyrissjóðanna. Aukið skrifræði gerir fjárfestingarnar hins vegar hvorki betri eða markvissari. Meiri áhersla á innra eftirlit sjóðanna og félagslegt eftirlit skoðunarmanna gæti hins vegar áorkað meiru í þágu sjóðfélaganna en samræmd skýrslugerð til yfirvalda.

Að lokum skal á það bent að af 29, 30 og 36. gr. laganna verður ekki annað séð en að vel sé um hnútana búið hvað varðar gerð, kynningu og eftirlit með fjárfestingastefnu lífeyrissjóðanna.

ASÍ áskilur sér allan rétt til þess að koma síðar á framfæri athugasemdum við einstakar greinar eða frumvarpið í heild, gefist tilefni til þess.

Virðingarfyllt,
f.h. Alþýðusambands Íslands



Grétar Þorsteinsson,
forseti ASÍ.